

Minnisblað

Til Félagsmálanefndar Alþingis

Frá Fjármálaráðuneyti

Efni: Álit ráðuneytis á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um orlof.

Fjármálaráðuneytið vill benda á nokkur atriði er varða efnisinnihald frumvarpsins.

1. Þau lög sem nú eru í gildi um orlof koma ekki til fullra framkvæmda fyrr en eftir 1. maí n.k. Þá fyrst verður farið að greiða út skv. þeim lögum. Ljóst er því að engin reynsla er komin á framkvæmd þeirra laga og því telur ráðuneytið ekki ástæðu til að breyta þeim að svo stöddu í svo veigamiklum atriðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.
2. Ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt myndi það þýða að rikissjóður þyrftir að leggja fram greiðslu mánaðarlega inn í bankakerfið og jafnframt að fá sömu fjárhæð að láni hjá bankakerfinu. Slikt lán væri með hærri vöxtum en greitt er nú, þar sem rikissjóður er með orlofsféð að láni milliliðalaust frá launþegum skv. samningi og greiðir verðbætur og innlánsvexti á það.
3. Telji nefndin að frumvarpið eigi að fá frekari meðferð í þinginu er það tillaga ráðuneytisins að rikissjóður verði undanþeginn þeim ákvæðum sem skylda hann til að leggja inn í bankakerfið orlofsfé mánaðarlega. Þess í stað hafi hann heimild til að starfa samkvæmt nügildandi lögum.

25. apríl 1989 ES/GB.